

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Laugavegur 66-68 og 70.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 26. maí 2017, breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.2 vegna lóðanna nr. 66-68 og 70 við Laugaveg. Í breytingunni felst að kröfu um fjölda bílastæða er breytt. Skilmálar hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Gylfaflöt 6-8 og 10-12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar 2-14 vegna lóðanna nr. 6-8 og 10-12 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreitum lóðanna um 2 metra inn að Gylfaflöt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 106.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 15. júní 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðarinnar nr. 106 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst m.a. hækkun á mæni, skilmálar um kvisti og svalir auk þess sem nýtingarhlutfall er hækkað. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. júní 2017.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2017